

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

„Það er auðveldara að sleppa  
trúarbragðafræði og taka  
stærðfræði“

Cinzia Fjóla Fiorini  
311071-2469



Kennaraháskóli Íslands  
Grunnskólabraut  
Maí 2007

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

„Það er auðveldara að sleppa  
trúarbragðafræði og taka  
stærðfræði“

Cinzia Fjóla Fiorini  
311071-2469

Kennaraháskóli Íslands  
Grunnskólabraut  
Maí 2007

**Leiðsagnarkennari: Hanna Ragnarsdóttir, lektor við  
Kennaraháskóla Íslands og forstöðumaður  
námsbrautarinnar Fjölmennig.**

## Ágrip

Hér er greint frá rannsókn á stöðu trúarbragðakennslu í íslenskum skólum og stöðu nemenda sem eiga búddistaforeldra í leik- og grunnskóla, einnig hvaða leiðir eru valdar þegar siðferðis-, trúar- og menningarlegir árekstrar verða í skólustarfinu. Rannsóknarsnið er eigindlegt með hálfopnum viðtölum. Tekin eru tvö viðtöl við fjölskyldur þar sem annað foreldrið iðkar búddatrú og tvö viðtöl við kennara barna þeirra. Síðan er, annarsvegar, viðtal við áhugasaman kennara sem er formaður félags kennara í kristnum fræðum, siðfræðum og trúarbragðafræðum og hinsvegar viðtal við munk í búddafélaginu við Víghólastíg í Kópavogi.

Niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar um starfið í íslenskum leik- og grunnskólum: Samskipti heimila og skóla skipa stóran sess í sjálfsmynd nemanda sem verður ávallt að vera í öndvegi. Á heildina litið er unnið vel og markvisst með börn fjölskyldunnar sem ég talaði við. Einnig kom í ljós að samræmdu prófin og skortur á markvissum námsgögnum sem fjalla um trúarbrögð getur leitt til þess að kennarar treysta sér síður í kennslu trúarbragða.

## Formáli

Hugmyndin um rannsókn af þessu tagi, sem snertir menningu og trú, kom til vegna áhuga míns á viðfangsefninu. Rannsókn þessi var lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaraháskóla Íslands. Ég vil þakka öllum þeim sem stuðlað hafa, beint og óbeint, að þróun ritgerðarinnar, þá sérstaklega manningum mínum, Björgvini Jónasi Haukssyni, fyrir allan stuðning og ráðgjöf sem hann veitti mér, og systir hans, Heiðu Jónu Hauksdóttur, Master í viðskiptaháskólans á Bifröst fyrir yfirlesturinn. Þakkir fær Hanna Ragnarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands og forstöðumaður námsbrautarinnar fjölmennig, fyrir að leiða mig á réttar brautir og fyrir allan faglegan stuðning sem hún hefur sýnt mér.

Síðast en ekki síst, vil ég þakka Guðmundi Guðbrandssyni, fyrrverandi skólastjóra Vogaskóla og kórfélaga mínum, fyrir ómetanlega aðstoð, ekki einungis við lestur ritgerðarinnar, heldur líka fyrir alla þolinmæði og nærgætni sem hann hefur, undantekningalaust, sýnt mér einkum þegar hann hjálpaði mér að koma með hugsunum mínum á blað á fræðilegan hátt.

# Efnisyfirlit

ÁGRIP .....	1
FORMÁLI.....	2
1. INNGANGUR .....	4
2. FRÆÐILEGT SAMHENGI .....	5
2.1 FYRRI ERLENDAR OG ÍSLENSKAR RANNSÓKNIR .....	6
2.1.1 Um stöðu barna sem tilheyra hindúisma í Bretlandi .....	6
2.1.2 Sjálfsvitund og múslimsk börn í Bretlandi .....	8
2.1.3 Trúarþarfir og samskipti heimila og skóla á Íslandi .....	8
2.1.4 Rannsókn á guðsmynd barna og unglinga í íslenskum skólum. ....	9
2.2 TRÚARBRÖGÐ .....	10
2.2.1 Siðferðisleg álitamál .....	11
2.2.2 Trúarbragðafræðikennsla .....	13
2.3 AÐALNÁMSKRÁ LEIK- OG GRUNNSKÓLA .....	16
2.4 BÚDDISMI .....	18
2.4.1 Helgirit, helgistaðir og helgisiðir .....	19
2.4.2 Siðareglur búddisma og meginstefnur .....	20
2.4.3 Búddismi á Íslandi .....	20
3. AÐFERÐAKAFLI .....	22
3.1 BAKGRUNNUR VIÐMÆLENDNA .....	23
3.2 VIÐTÖL VIÐ FJÖLSKYLDUR .....	24
3.2.1 Viðtal við Kesöru .....	24
3.2.2 Viðtal við Karunu .....	25
3.3 VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK SKÓLA .....	26
3.3.1 Viðtal við Telmu Birgisdóttur, grunnskólakennara .....	26
3.3.2 Viðtal við Viktoríu Bertelsdóttur, leikskólakennara .....	27
3.3.3 Viðtal við Guðlaugu Björgvinsdóttur, kennara .....	28
3.4 NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNARINNAR .....	30
4. UMRÆÐA.....	31
5. LOKAORÐ.....	34
6. HEIMILDASKRÁ .....	36
VIÐAUKI I.....	I
VIÐAUKI II .....	II
VIÐAUKI III.....	III
VIÐAUKI IV .....	IV

# 1. Inngangur

Meginmarkmið þeirrar rannsóknar sem hér greinir frá er að skoða stöðu trúarbragðafræðikennslu í íslenskum skólum og einnig hvernig staða nemenda, sem eiga búddistaforeldra í leik- og grunnskóla, er í þessu samhengi. Einnig verða skoðaðar þær leiðir sem valdar eru þegar siðferðis-trúar- og menningarlegir árekstrar verða í skólastarfinu.

Titill ritgerðarinnar vísar til þess að ákveðnar hindrarnir eru til staðar þegar kennarar standa frammi fyrir vali á námsefni í trúarbragðafræði. Nauðsynlegt er að koma því á framfæri að aldur nemenda skiptir máli þegar fjallað er um trú, vegna þess að nemendur á fyrsta skólastigi eru ekki enn búnir að þróa með sér fullmótaða guðsmynd (Eriksson 1967:110; Gunnar J. Gunnarsson 2001: 181-205), eins og nánar segir í ritgerðinni. Þetta er meðal annars ástæðan fyrir því að ekki eru gerðar sömu kröfur í aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla til trúarbragðafræðslu.

Ákveðið var að afmarka verkefnið einungis við búddatrú. Þau viðurkenndu trúfélög sem iðka trú sína á Íslandi, nú á dögum, eru um það bil þrjátíu (Hagstofa 2007) og það að skoða þau öll krefst mikillar vinnu og tíma. Auk þess sem afmörkunin gerir kleift að kafa dýpra í viðfangsefni búddatrúarinnar.

Fyrst verður hugað að því að skoða fyrri rannsóknir um svipað efni. Tvær rannsóknir eru erlendar og fjalla annarsvegar um stöðu barna sem tilheyra fjölskyldum Hindúa í Bretlandi og hinsvegar um múslimsk börn í Bretlandi og tvær íslenskar rannsóknir um trúarþarfir og samskipti heimila og skóla, og önnur rannsókn um guðsmynd barna og unglunga í grunnskólum landsins. En því miður, svo ég viti, hefur engin hliðstæð rannsókn enn verið gerð um unga búddaiðkendur í skóla. Menning og trúarbrögð eru óaðskiljanleg fyrirbæri þar af leiðandi er ekki hægt að skoða menningu fjölskyldna af erlendum uppruna án þess að tengja hana saman við trúariðkun þeirra (Hanna Ragnarsdóttir 2004b). Nauðsynlegt er því, í þessu samhengi, að útskýra hvað búddismi stendur fyrir, eðli hans, uppruna, siðareglur, helgirit og helgistaðir. Einnig er hér lögð mikil áhersla á hvernig búddismi festi rætur sínar hér á Íslandi.

Rannsóknin er eigindleg og tekin eru fjögur viðtöl: Tvö viðtöl við fjölskyldur sem iðka búddatrú og tvö viðtöl við kennara barna þeirra. Síðan eru tvö viðtöl, annarsvegar við PhamahaPrasit Boonkam, munk í búddafélaginu og hinsvegar við Guðlaugu Björgvinsdóttur, formann félags kennara í kristnum fræðum, siðfræðum og trúarbragðafræðum. Ákvörðun um taka viðtal við Guðlaugu var tekin þegar í ljós kom að framboði námsefnis í trúarbragðafræði er dálítið ábótavant. Bakgrunnur viðmælenda er hér skoðaður sérstaklega með áherslu á reynslusögur foreldra og forsendur kennara barna þeirra.

Niðurstöður eru dregnar út frá þessum viðtölum og umræðu í kjölfarið til að tengja saman niðurstöður við fræðilega kaflann í ritgerðinni. Að lokum, í fylgiskjölum, eru birtar spurningar úr viðtölunum til að hjálpa lesendum að skilja betur þráð viðfangsefnisins.

## 2. Fræðilegt samhengi

Árið 2003 var formlega sett í skólanámskrá Kennaraháskóla Íslands viðfangsefni sem heitir: „Skóli fyrir alla“. Jerome Bruner (1915- ) talar, í bók sinni „The culture of education“ um hvernig umræða um *skóla fyrir alla* byrjaði í Bandaríkjunum. Hún byrjaði í raun sem eðlileg þróun á þeirri almennu vitundarvakningu þar um að fátækt, kynþátttafordómar og útskúfun í garð barna væru raunverulegt vandamál. Sem svar við þeirri vakningu spruttu verkefni á borð við *Head Start* (Bruner 1996:11). Fjölgreindarkenningin er ein af bestu hugmyndunum sem sporna gegn fordómum, að mínu áliti, og er hún oft tengd við fjölmeninguna og fjölbreytileika yfirhöfuð. Fjölmening er vaxandi veruleiki hér á landi, eins og víða annarstaðar, og þegar mörg trúarbrögð mætast geta myndast flókin siðfræðileg álitamál sem brýnt er að leysa (Millam 2002: 59). Til dæmis ummönnun sem foreldrar af erlendum uppruna veita börnum sínum hverju sinni getur verið eins breytileg og menningarheimarnir, eins og hér verður sagt frá. Það er því verðugt og mikilvægt að mismuna ekki fólki vegna trúarbragða og að vilja varðveita sína eigin trú og menningu, en flóknari staða verður þegar menningar og trúarleg gildi fara ekki saman (Millam 2002:59-60). Það eru mörg dæmi um siðferðisleg álitamál í skóla, og þegar



slík álitamál koma upp er eðlilegt að spyrja sjálfan sig hvar eru mörkin milli skynsamlegrar fræðslu og trúarlegrar þvingunar. Þessi umræða er mjög viðkvæm og það er því mikilvægt að fræða alla aðila sem að máli koma um gildi og venjur hvers annars. Þetta er að minnsta kosti fyrsta þrepið í átt að sátt og samlyndi (Millam 2002:59; Derman-Sparks 1989).

Í kaflanum hlutverk og markmið í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að hlutverk kennara er meðal annars að búa nemendur undir líf og starf, (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 1999) og námskrá getur verið stuðningur fyrir kennara þar til þessu markmiði er náð. Í leik- og grunnskólum landsins eru fjölbreytilegar skoðanir á því hvernig eigi að nálgast trúarbragðafræðikennslu í fjölmenningarlegu samfélagi: Til að mynda nota ekki allir kennarar sem kenna trúarbragðafræði sömu fræðsluaðferðir og einnig hefur verið reynt að skipta aðferðum við trúarbragðafræðslu í fjóra flokka (Gunnar J. Gunnarsson 2005) sem hér fyrir neðan verður sérstaklega vikið að.

Næst verða rannsóknir um hliðstæð viðfangsefni skoðaðar.

## **2.1 Fyrri erlendar og íslenskar rannsóknir**

Rannsóknir sem hér verða skoðaðir eru: „Rannsókn á stöðu barna sem tilheyra foreldrum hindúa í Bretlandi“ eftir Robert Jackson og Eleonor Nesbitt, „Rannsókn á stöðu barna sem tilheyra múslimatrú í Bretlandi“ eftir Marie Parker– Jenkins, „Rannsókn á trúarlegum þörfum barna í leik og grunnskóla á Íslandi“ eftir Hönnu Ragnarsdóttur og loks rannsókn Gunnars J. Gunnarsonar sem ber heiti „Guðsmynd og trúarhugsun barna og unglinga“.

### **2.1.1 Um stöðu barna sem tilheyra hindúisma í Bretlandi**

Rannsókn sem gerð var í Bretlandi árið 1993 var ein af fyrstu rannsóknum á viðhorfum foreldra barna sem tilheyrðu hindúisma. Rannsóknin birtist í bókinni „Hindu children in Britain“ sem kom út sama ár, og er því sígild, þó hún sé svolítið gömul. Fyrst var skoðaður bakgrunnur hindúasiðar og hvernig hann breyttist við það að flytja til Bretlands (Jackson og Nesbitt 1993:9-18). Höfundar hafa lagt áherslu á að skoða allt þetta í ljósi

menningarlegra áhrifa, einkum þegar neikvæðir kynþáttafordómar eða einangrun voru til staðar. Þessi áhrif eiga sér stað meðal annars vegna umræðna í fjölmiðlum, á vinnustöðum, í menntakerfinu og trúfélögum (Jackson og Nesbitt 1993:6).

Trúararfur hindúisma hefur breyst milli kynslóða og ný félagsleg mynd hefur mótagast í bresku umhverfi, en ennþá eru, fyrir marga foreldra, trúarleg áhrif eðlilegur hluti í lífi þeirra, en ómeðvitaður, til dæmis hversdagslegar athafnir, bænir eða helgihald (Jackson og Nesbitt 1993: 182). Höfundar benda á það hvernig unnið var markvisst að því að kúga trúarbrögð þeirra til dæmis með því að viðurkenna ekki upprunalegt nafn trúarinnar og gefa henni frekar nýtt nafn sem er „hindúismi“. Þetta var sú aðferð sem Hindúum líkaði allra síst (Jackson og Nesbitt 1993:18-147). Þeir líta á sjálfa sig sem etnískan hóp, með öðrum orðum ákveðinn hóp fólks með sín einkenni og veruleika, en ekki eingöngu trúarlega afmörkun (Jackson og Nesbitt 1993:18-147). Þessi ágreiningur var ekki bara spurning um ómeðvitaðan misskilning heldur afleiðingar óréttlætanagera samskiptahátta. Þessi „einsleita“ og blinda stefna sem ríkti á nýlendutímabilinu hefur valdið því að pólitísk yfirvöld hafa notfært sér vald sitt til að búa til nýtt orð yfir gamalt og rótfast fyrirbæri sem hindúisminn er. Þetta kemur meðal annars fram í bókinni *Orientalism* (Said 2002:52-70) eftir Edward Said (1936-2003) sem er virtur prófessor í Columbia Háskóla og rithöfundur.

Höfundar Robert Jackson og Eleonor Nesbitt gera grein fyrir því hversu mikilvægt það er að fræða börn Hindúa um sín eigin trúarbrögð sem gerir þeim kleift að öðlast nýja sjálfsvitund þar sem þau deila sömu trú og tungu. Til að kenna börnum hindúisma hafa Hindúar í Bretlandi sett upp sérskóla (*e. additional classes*). Kennarar eru stundum sjálfboðaliðar, stundum ekki og námsgögn eru ekki nægileg, en flestir gera það af áhuga og skyldurækni (Jackson og Nesbitt 1993:147-151).

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa leitt í ljós að Hindúar eru fjölbreyttur hópur sem telur mikilvægt að viðhalda hefðum, einkum mataræði, tungumáli og fjölskyldugildum sínum þar sem kjarni þessara gilda mótaðist annarsvegar af þeirra eigin sögu og hinsvegar af áhrifum annarra.

Það sem aðallega orsakar þennan innbyrðis menningarmun er landfræðilegur uppruni hvers og eins (Jackson og Nesbitt 1993:182).

### **2.1.2 Sjálfsvitund og múslimsk börn í Bretlandi**

Marie Parker– Jenkins hefur gert rannsókn á stöðu barna sem tilheyra múslimatrú í Bretlandi (Parker-Jenkins 1996). Þörf fyrir slíka rannsókn var orðin mikil þar sem meira en hálf milljón barna sem stunda nám í opinberum skólum í Bretlandi eru múslimar.

Árið 1995 kom út bókin: *Children of Islam*. Með rannsókn sinni leggur höfundur áherslu á þá þætti sem hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd múslima í Bretlandi. Aðallega var skoðað hvað er líkt og ólíkt í þeim skólum þar sem skólastjórar voru múslimar og þar sem ekki voru múslimar. Megin munur lá aðallega í viðhorf þeirra um tilgang trúarbragðanna og einnig á áhyggjur þeirra af ensku sem máli og á færni múslima til að tileinka sér hana. Ennþá skortir ákvæði í skólanámskrá í Bretlandi sem kveða á um aðferðir til að auðvelda aðlögun innflytjenda: Til dæmis vantar, að mati höfundar, að koma til móts við breytilegar þarfir skólasamfélagsins með aðferðum sem endurspeglar þennan nýja veruleika. Einnig leggur hún áherslu á jafnrétti og aðferðir til að tryggja það í skólum landsins. Múslimsk börn verða að öðlast sveigjanlega sjálfsvitund sem gerir þeim kleift að standast á auðveldan hátt þær kröfur sem samfélagið gerir til þeirra. Samfélagið er í stöðugri mótun og sjálfsmynd barna af erlendum uppruna þar af leiðandi líka. Parker-Jenkins leggur áherslu á að samskipti milli kennara og foreldra séu góð og mikilvægi þess að styrkja sjálfsvitund múslima.

### **2.1.3 Trúarþarfir og samskipti heimila og skóla á Íslandi**

Hanna Ragnarsdóttir, mannfræðingur og lektor við Kennaraháskóla Íslands, komst, í eigindlegri rannsókn sinni sem hófst 2002 og lauk 2005 á samskiptum heimila og skóla um hvað varðar trúarþarfir barna, að þeirri niðurstöðu að umburðarlyndi, eitt og sér, sé ekki nóg til að byggja upp virðingu og samtal trúarbragða, heldur þarf að auka og dýpka gagnkvæman skilning allra á hinum ýmsu trúarbrögðum (Hanna Ragnarsdóttir 2004a:149-151).

Rannsókn hennar var byggð á viðtölum og vettvangskonnum. Þátttakendur voru nítján börn, foreldrar þeirra, kennarar og skólastjórar.

Hún leggur áherslu á hversu mikilvægt það er að samskipti heimila og skóla séu góð og hún bendir réttilega á að frumkvæði þarf að koma frá kennurum og skólum sem þurfa að vinna saman (Hanna Ragnardóttir 2004a:149-151).

Hanna hefur einnig komist að því að afstaða foreldranna til trúarbragðafræðslu er mjög ólík: Sumum hentar slík fræðsla illa og vilja að það sé frekar hlutverk foreldra að fræða börnin, en aðrir telja það ekki vera vandamál að skólinn byggi á kristilegum gildum, en samt vilja þeir halda í sína trú og siði. Þannig að skiptar skoðanir eru hér á landi um hvernig trúfræðsla eigi að vera, innan veggja heimilanna eingöngu eða einnig í skólum. Hún bendir á að lykilatriði í þessu samhengi er að þekkja sögu og reynslu hvernar fjölskyldu með ólíkan bakgrunn (Hanna Ragnardóttir 2004a:149-151).

#### **2.1.4 Rannsókn á guðsmynd barna og unglunga í íslenskum skólum.**

Rannsókn sem Gunnar J. Gunnarson, lektor í trúarbragðafræði við Kennaraháskóla Íslands, gerði árið 1996-1997, sýnir að meirihluti barna á mið – og unglingastigi trúir á Guð (Gunnar J. Gunnarson 2001:192-202). Nánar tiltekið notar meirihluti stúlkna jákvæð hugtök um Guð á borð við góðsemi og kærleika.

Gunnar bendir á að áhrif frá foreldrum, kennurum og samfélaginu geta skapað rugling hjá börnum og ósamræmi milli hugmynda þeirra og raunveruleikans (Gunnar J. Gunnarsson 2001:181-205). Í þessu samhengi var rannsökuð trúarleg hugsun barna og unglunga út frá sjónarhóli stiggreiningarsinna. Gunnar vísar til einnar áhrifamestu og þekktustu rannsóknar á þessu sviði sem er rannsókn Ronalds Goldmans: Niðurstöður rannsóknar hans, skrifar Gunnar, leiddu í ljós að þróun trúarlegrar hugsunar greindist hliðstæð þeim stigum sem Jean Piaget, (1896-1980) svissneski sálfræðingurinn, komst að í vitþroskakenningu sinni.

Þessi rannsókn gefur ákveðna mynd um trúarhugsun barna á Íslandi sem mótast af eigin reynslu og er breytileg eftir aldri (Gunnar J. Gunnarsson 2001:181-205).

Í næsta kafla verður viðfangsefnið trúarbrögð skoðað til hlítar einkum í tengslum við fjölmenningu.

## 2.2 Trúarbrögð

Afstaða manna til trúarbragða er mismunandi og margar skilgreiningar hafa verið gerðar um hvað trúarbrögð séu. Meðal þeirra þekktari er skilgreining sálfræðingsins J.B. Pratt:

Trúarbrögð er einlæg og félagsleg afstaða einstaklinga og hópa gagnvart mætti eða máttarvöldum sem þeir álíta að hafi æðsta vald yfir hagsmunum og örlögum þeirra (Claine 2007; þýtt úr ensku).

Þessi skilgreining tengist þeirri nútímalegu stefnu sem heitir *sekularisering*, eða afhelgun, þar sem engin trúarbrögð eru kennd meðal annars til að koma í veg fyrir að þau fari að hafa áhrif á hugsunarhátt fólks og pólitík (Gunnar J.Gunnarsson 2005). En trúarbrögð eru ekki einungis það að stjórna hugsunarhætti fólks, því spurning á borð við: Er Guð til? vaknar oft í huga fólks og það er nauðsynlegt að það gerist.

Efahyggjumenn eru þeirrar skoðunar að ef einstaklingar hafa hvorki fyrirfram guðstrú né fyrirfram guðleysi þá hljótum við að efast, eins og William Clifford (1845-1879) segir í „Rétturinn til sannfæringar“ (Clifford 1993:43-52). William James (1842-1910) svarar Clifford í grein sinni „The will to believe“ eða *Trúarvilji*, að ef efahyggjumaðurinn sé sá sem útilokar fyrirfram þann möguleika að kynnast Guði, þá kynnist maðurinn aldrei Guði (James 1993:53-80). Hér á við það sama með ást og vináttu. Ef ég er hrædd við að treysta vini eða ástvini, þá kynnist ég hvorki ást né vináttu. En fleiri tilvistarspurningar geta vaknað eins og til dæmis: Er til einn Guð eða margir? Byr hann meðal manna eða annar staðar? Þegar einstaklingur veltir þessum spurningum fyrir sér, getur hann komist að þeirri niðurstöðu að engin algild siðferðileg sannindi eru til, einungis er um að ræða breytilegar menningarbundnar reglur (Rachels 1997:34-36).

Myndlíking sem Gunnar Dal kom með í skáldsögu sinni *Lífið eftir lífið* sem kom út 1997 útskýrir þetta vel: „Hugsaðu þér ánamaðk í garði á vordegi. Það er sólskin, en ánamaðkar hafa ekki augu. Það er fuglasöngur, en ánamaðkar hafa ekki eyru. Það er ilmur í lofti, en ánamaðkar hafa ekki nef. Hugsaðu þér nú að hér gerðist það undur að þetta dýr jarðvegsins yrði

skyndilega fyrir vitundarvikkun, breyttist í mann og fengi mannleg skilningarvit og mannlega skynjun. Heimurinn breytist ekki og hin nýja vitundarvera er enn á sínum stað. Samt myndi ljúkast upp fyrir henni nýr og gjörólíkur heimur“ (Gunnar Dal 1997:100). Gunnar hefur, með þessari samlíkingu, hitt mjög vel í mark. Þó samlíking sé ekki mjög virðuleg (ánamaðkur og maðurinn), en hún skýrir vel stöðu manna einkum í fjölmennningarlegu umhverfi, þar sem þörf fyrir umburðalyndi er lykilatriði í því samfélagi sem krefst þess að fólki læri af hinum ólíkum trúar- og lífsviðhorfum.

Í slíku samfélagi, þar sem breytilegar skoðanir eru til staðar, er nauðsynlegt að ræða um þau á faglegan hátt.

### 2.2.1 Siðferðisleg álitamál

Eins og fyrir ofan greinir tengjast trúarbrögð menningu á augljósan hátt.

Hér eru sett fram ýmisskonar álitamál auk ábendinga um hvernig er mögulegt að vinna úr þeim, samkvæmt hugmyndafræði Rosalind Millam, sem er reynslumikill kennari og forstöðumaður á sviði barnvaverndar og einnig fyrrverandi forstöðumaður í *Westminster Children's society* í Bretlandi. Eru eru nokkuð dæmi:

- Hvað er best að gera ef einn nemandi kemur í skóla klæddur í óviðeigandi fötum eða fötum sem hylja andlitið þannig að ekki er hægt að hafa lágmarks samskipti? Millam fjallar um þessi siðferðislegu álitamál (Millam 2002:130 og 250). Hún ráðleggur, til dæmis, að gott væri að deildastjórar tali við nemanda til að heyra hvað honum finnst: Finnst honum þetta viðeigandi klæðnaður? Ræða þarf við hann sérstaklega ef hann er tilbúin til þess að fara eftir ákveðnum siðareglum um klæðnað sem gilda í skólanum. Heyra þarf líka álit foreldranna (Millam 2002:250).
- Eiga múslimsk börn að sleppa því að fara í sund því þeirra trú gerir kröfur um að sjá ekki aðra nakta? Millam kemur með dæmi og hér ráðleggur hún að múslimsk börn fari samt í sund og finni sér eitthvað áhugavert að gera, á meðan hinir eru að synda eða í búningsklefanum, þannig að komast þau hjá því að sjá aðra nakta (Millam 2002:128).

- Mega foreldrar grunnskólabarna bera stóran hníf í nafni trúarinnar? Millam (2002:107) setur upp það álitamál að í skóla séu tvö börn sem eiga foreldra sem iðka *Síkisma* og faðir þeirra ber stóran hníf sem er eitt af fimm táknum trúarinnar (Robinson 2006). Millam telur mikilvægt að fræða alla aðila sem að máli koma um inntak trúarinnar. Þó foreldrar annarra barna álíti að hann, með því að bera þennan hníf, ýti undir ofbeldi, er það eingöngu tákn, en ekki ofbeldiskennd aðferð. Möguleiki er að fá föðurinn sem iðkar *Síkisma* til að fræða hina foreldrana um þennan helgisið (Millam 2002:107).
- Hvað er til ráða þegar foreldrar trúa því að líkami barna sinna hreinsist af veikindum með því að bursta bak þeirra með sérstök burstum í ljósi þeirra menningarlega gilda sem í Asíulöndum heitir karma? (Viktoría Bertelsdóttir 2007). Annar þáttur búddatrúarinnar sem heitir *Karma* eða lögmál, ef einstaklingur hagar sér vel eru afleiðingar þess góðar og þær hafa því áhrif á stöðu hans í þessu eða, jafnvel, í næsta líf. Þetta tengist niðurstöðum sem höfundurinn, Christina Deck, í Harvard Háskólanum í Bandaríkjunum komst að með rannsókn sinni. Christina hefur tekið viðtöl við fjölda búddista (Deck Christina [Án árs]:46) og flestir þeirra viðurkenna að hlutverk *Karma* sé rótin af öllum heilsufarslegum vandamálum. Einn búddisti segir:

*Most sickness comes because you've created the causes to be sick. You've harmed other beings, so that harm is coming back to you. [...] If you give somebody bad food, then you get a flu bug.* (Deck [Án árs]:46).

Eða:

Orsök flestra sjúkdóma er hægt að rekja sem afleiðing eigin gerða. Þeir sem valda öðrum skaða mega búast við að verða sjálfir fyrir því sama. Þeir sem gefa öðrum skemmdan mat, mega búast við að fá megakveisu sjálfir (Þýtt úr ensku).

Hvernig er unnið við að leysa álitamál er aðalatriði og það ræðst af mörgum þáttum: Í seinustu tilvitnun er, samkvæmt þessari asísku menningu allt í lagi að bursta bak barna með sérstökum burstum, en það er aldrei ásættanleg niðurstaða að meiða barnið svo það verði blátt og marið í þeim tilgangi að það læknist af einhverjum sjúkdómi.

Það þarf að hafa í huga að í Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna er skýrt tekið fram hver réttur barna er og einnig það að hlutverk ríkisvaldsins er að sjá til þess að honum sé framfylgt (Samningur Sameinuðu Þjóðanna, 1992 nr.3).

Í grein sinni „Að virða börn“ tekur Gunnar Finnbogason, dósent við Kennaraháskóla Íslands, fram að hvert barn er manneskja og eins og allar manneskjur hafa þau sömu réttindi og fullorðnir (Gunnar Finnbogason 1999:233-241). Þessi tilvitnun, sem í fyrstu getur hljómað sem sjálfsagður hlutur, gleymist þó mjög oft.

Hér er aðallega fjallað um tvær afstöður: Annarsvegar trúfrelsi, sem er frekar erfitt hugtak, og hinsvegar að þetta trúfrelsi má ekki skaða aðra.

Á Íslandi segir stjórnarskráin í 63.gr. að:

Allir eiga rétt á að stofna trúfélag og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins, en þó mega ekki kenna eða fremja neitt sem sé gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. (Páll Sigurðsson 2004:127-145).

Trúarbrögð hafa mismunandi venjur og gildi og líkur á því að árekstrar skapist eru því mjög miklar (Millam 2002:59). Millam fjallar um að það væri lærdómsríkt fyrir skólastarfsfólk ef siðferðislegt álitamál myndast að ræða við vinnufélaga um hvernig best sé að bregðast við slíku álitamáli til að komast að einhverri mögulegri niðurstöðu (Millam 2002:60).

Þótt viðfangsefnið sé flókið er samt nauðsynlegt að starfsfólk skóla temji sér, að minnsta kosti, viðeigandi aðferðir til að standast þær kröfur sem margbreytileiki gerir til samfélagsins og skoði hann í ljósi tjáningafrelsis (Millam 2002:59; Derman-Sparks 1989).

Hér fyrir neðan verður umræða um trúarbrögð tengd við trúarbragðafræðikennslu í skólum.

### **2.2.2 Trúarbragðafræðikennsla**

Trúarbrögð tengjast oft persónulegum viðhorfum fólks eins og Clark Walter Houston segir frá í skilgreiningu sinni um trúarbrögð:

The inner experience of the individual when he senses a Beyond, especially as evidenced by effect of this experience on his behavior when he actively attempts to harmonize his life with the Beyond (Cline 2007).



Um leið og farið er að fjalla um eitthvað persónulegt (*e. inner experience*) þá geta viðhorf fólks til lífsins verið eins breytileg og menningarheimarnir. En eins og Þórhallur segir frá í bók sinni „Hin mörgu andlit trúarbragðanna“ að þó hann sé starfandi prestur í íslensku þjóðkirkjunni, hefur kynning hans á fjölbreyttum átrúnaði aukið og dýpkað hans eigin trúarsannfæringu og alltaf með þeirri von um að það auki virðingu hans gagnvart öðrum trúarbrögðum (Þórhallur Heimisson 2005:11-12). Trúarbragðafræðikennsla er þeim mun nauðsynlegri, eftir því sem fleiri börn búa við ólíka trú.

Guðrún Pétursdóttir talar um hversu nauðsynlegt það er að auka þekkingu á málefnum innflytjenda svo sem menningu þeirra og siðum, til að draga úr fordómum (Guðrún Pétursdóttir 2003:40). Til þess að skapa fjölmennningarlegt umhverfi þarf að hvetja til samvinnu kennara og annars starfsfólks og stefnumótun í skóla verður að leggja áherslu á jafnrétti og réttlæti (Hanna Ragnarsdóttir. 2004a:149-151). Grundvöllur gegn fordómum, einkum um hvað varðar trúarbragðakennslu, er sá að allir í samfélaginu og stjórnvöld átti sig á að í leik- og grunnskóla mæta einstaklingar með mismunandi reynslu og þar af leiðandi, með mismunandi þarfir og er nauðsynlegt að allt starfið miðist við að öllum börnunum líði sem best og að þau njóti sín sem einstaklingar (Hanna Ragnarsdóttir 2002:51-53).

Til þess að vinna á fræðilegan hátt með börn í fjölmennningarlegu samfélagið er nauðsynlegt að þekkja einnig viðhorf barna til trúar, en vitað er lítið um trúarhugsun barna á Íslandi. Eins og hefur komið fram hefur Gunnar J. Gunnarson rannsakað guðsmynd og trúarhugsun barna og unglunga út frá sjónarhóli stiggreiningarsinna (Gunnar J. Gunnarsson 2001:186-189). Gunnar vísar til hugmyndafræði Erik Erikssonar (Gunnar J. Gunnarsson 2001:182-184) og einnig til áhrifamestu og þekktustu rannsóknar á sviði trúarbragðakennslu sem er rannsókn Ronalds Goldmans: Goldman hefur eingöngu skoðað kristilega söfnuði og þannig komist að þeirri niðurstöðu að *Biblían* sé einungis bók fyrir fullorðna og að börn gætu nánast ekkert skilið það sem fram færi í kennslu í kristnum fræðum vegna þess að þau hefðu hvorki vitsmunalegan þroska né reynslu til að

höndla námsefnið (Gunnar J. Gunnarsson 2001:186-187). Áhrif hans á námskrá kristinna fræða á árunum 1960-70 voru mikil og nánast allt námsefni og kennsluaðferðir bæði í Bretlandi og á Norðurlöndum hafa breyst á þann hátt að farið var að miða námsefnið meira við þarfir barnanna.

Erik Eriksson, (1902-1981) bandaríkjamaður af dönskum ættum, fjallar í bók sinni *Young man Luther* um unglínginn í þroskakreppu, þegar Lúther viðurkennir ekki það hlutverk sem foreldrar Lúthers hefðu viljað að hann gengdi (lögfæðingur) segir hann einfaldlega „No, I am not“ eða „Nei, ég er ekki“. Hér hefur átt sér stað ákveðin þroskabreyting, eins og Eriksson var vanur að kalla það (Eriksson 1967:109-119). Hliðstæð dæmi má einnig finna í ævisögu Heilags Frans frá Assísí, þegar unglíngurinn Frans hafnar lífsþægindum og auðævum sem faðir hans vildi fela honum, en hann kaus frekar að lifa heilögu lífi eins og hann varð síðan heimsþekktur fyrir (Frugoni 2001:72-82) og einnig ævisaga Siddarta, eins og nánar verður vikið að, hljómar á svipaðan hátt og saga Heilags Frans frá Assísí (Molloy 2005:121).

Í ljósi þessarar hugmynda er mikilvægt fyrir kennara sem kenna trúarbrögð að þekkja vel þróunarferli barna og reynslu þeirra. Hugmyndir barna um trú eru breytilegar eftir reynslu og aldri þeirra eins og hefur komið fram. Í þessu samhengi vakna spurningar um hvornig er best að kenna trúarbrögð, hver eigi að gera það og hvaða námsbækur þjóna best tilganginum hverju sinni?

Hér eru gefnar fjórar hugsanlegar nálganir í trúarbragðafæðslu:

- Fræðsla þar sem kristni fær mest rými, en önnur trúarbrögð koma líka við sögu (menningarleg og félagsleg rök).
- Fræðsla sem tekur mið af vaxandi margbreytileika samfélagsins (réttlætis - og félagsleg rök).
- Fræðsla þar sem gengið er út frá nemandanum og tilvistarspurningum hans, færni hans til að fást við ýmis tilvistarleg og trúarleg viðfangsefni (þroska – og uppeldisrök).
- Fræðsla þar sem kennsla um trúarbrögð er engin og henni er vísað til trúfélaga (trúfrelsis- og samfélagsrök). (Gunnar J. Gunnarsson 2005)

Allur gangur er á því hvernig kennarar geta fjallað um trúarbrögð, allt frá því að halda sérstöðu kristinnar trúar eingöngu eða í eðlilegu marki, og þar til þess að útiloka alla umræðu um trú.

Þeir kennarar sem vilja taka mið af vaxandi margbreytileika geta fundið réttlætunleg rök fyrir sinni trúarbragðafræðslu í þeirri staðreynd sem samfélagið býður hverju sinni. Ein hugmynd sem sprottin er af þeirri fræðslu er að auka vægi fræðslu um önnur trúarbrögð (Gunnar J. Gunnarsson 2005). Þessi leið er sú lýðræðislegasta og mest viðunandi til þess að kenna nemendum umburðarlyndi og samúð. Seinasta fræðsluaðferðin sem Gunnar J. Gunnarsson nefnir í grein sinni, er hluti af þeirri stefnu sem kölluð er afhelgun (*sekularisering*) og er víða notuð í Bandaríkjunum, í flestum komúnistaríkjum, og einnig í Jerúsalem-Ísrael, þar sem þrjú helstu trúarbrögð heims (islam, kristin- og gyðingdómur) eiga rætur sínar að rekja. Þar er trúarbragðakennsla engin í opinberum skólum. Rök fyrir því eru meðal annars þau að ágreiningur milli trúarhópa og ríkja gæti orðið þegar trúarbrögð blandast við pólitíkina (Meacham 2006:36). En hvað er sagt í *Aðalnámskrá leik og grunnskóla* um þetta efni?

### **2.3 Aðalnámskrá leik- og grunnskóla**

Í *Aðalnámskrá leikskóla* stendur að leikskólinn eigi að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi, án þess að þau glati tengslum við sína eigin menningu, tungu og trú. (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Þau þurfa að öðlast sjálfsöryggi í hinu nýja umhverfi og markmiðið er því að þeim líði sem best. Þetta kemur fram í kafla um sérþarfir barna. En í öðrum kafla um námssvið leikskóla er einnig tekið tillit til þess hversu mikilvægt það er að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni sem ber að meta og virða. Án þess að umræðan tengist beinlínis trúarbrögðum er sagt í *Aðalnámskrá leikskóla* að börn búi yfirhöfuð við mismunandi uppeiddisskilyrði og eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og leikskólum beri að taka tillit til þess í starfi sínu (Aðalnámskrá leikskóla 1999).

Einnig stendur í lögum um leikskóla II. kafla 2 gr. að meginmarkmið með uppeiddi í leikskóla skal vera:

Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun (Aðalnámskrá leikskóla 1999).

Þetta tengist, án efa, þeirri fræðslu þar sem kristni fær mest rými vegna þeirra menningarlegu áhrifa sem saga landsins hefur á íslendinga nútímans.

En hvað segir *Aðalnámskrá grunnskóla* um þetta? Fyrst og fremst er sagt að kennsluáferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu. Kennsla verður að taka mið af reynslu einstakra nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 1999). Einnig stendur:

Með vaxandi fjölda nýbúabarna [...] þarf skólinn að huga að því [...], hvernig koma má til móts við óskir um að þau fái fræðslu um eigin trú og menningu. Þá er æskilegt að nýta þá möguleika [...] til að kynna nemendum ólíka trú og siði og stuðla þannig að auknum skilningi, virðingu og umburðarlyndi (Aðalnámskrá grunnskóla kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði 1999).

En þegar upp er staðið, byrjar kennsla trúarbragða ekki fyrr en í 8. bekk grunnskóla og samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrá grunnskólans er einungis ein kennslustund í kristni og trúarbragðafræði kennd í grunnskólum landsins (Aðalnámskrá grunnskóla, kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði 1999). Í þessu samhengi er áhugavert að skoða hvað Guðlaug Björgvinsdóttir (Guðlaug Björgvinsdóttir 2003) og Margrét Ívarsdóttir, kennari við Austurbæjarskóla (Margrét Ívarsdóttir [Án árs]), benda á í greinum sínum. Báðar komust að því að oft þurfa kennarar að fórna trúarbragðafræðitímum vegna þess að trúarbragðafræði kemur ekki til samræmds prófs.

En ef skólinn er margbreytilegur er það eðlilegt að hlutfall trúarbragðakennslu endurspegli þann veruleika sem ríkir í hverjum skóla.

Til þess að gera það þurfa námsgögn að ýta undir almenna fræðslu um menningarlegan fjölbreytileika (Millam 2002; Derman-Sparks 1989).

Meðal þeirra trúarbragða sem iðkuð eru á Íslandi er búddismi. Búddismi er að festa rætur á Íslandi og það sem verður vikið næst að er einmitt eðli búddadómsins og helgisiðir hans.

## 2.4 Búddismi

Búddismi er algyðistrú. Í dag eru um 6% íbúa í heiminum sem iðka búddatrú eða um 364 milljónir manna (Buddhanet 2007).

Frumkvöðull búddatrúarinnar er Siddarta Gautama, fæddur af göfugri fjölskyldu *Shakya* 563 f.Kr. í Norður Indlandi, og deyr 483 f.Kr. Þegar Siddarta vex úr grasi og í leit sinni að „sannleikanum“, kemst hann að þeirri niðurstöðu að lífið væri í raun þjáning, þannig uppljómast hann og deilir reynslu sinni, ekki aðeins með öllum mönnum, heldur öllum skyni gæddum verum (Molloy 2005:121).

Kjarni búddatrúarinnar er flakk sálarinnar (Gunnar J. Gunnarsson 1995:62). Búddatrú á sér rætur í indverskri trúarhefð og riti þar sem Siddharta ólst upp við að lesa söguljóðin tvö *Ramayana* og *Mahabarata* (Trúarbrögð heimsins 1999:168-171).

Hindúismi (2700 – 1500 f.Kr.) sem er talinn vera elstu trúarbrögð heims, rekur rætur sínar til Indlandskaga, eftir að þjóðflokkar settust þar að og tóku upp trú Arianna. Íbúum þar sem hindúismi ríkir var skipt í stéttir, sennilega til þess að koma skipulagi á verkaskiptingu samfélagsins. Þeir sem voru æðstir voru landvinningamenn: Aríar. Innfæddir tilheyrðu lægstu stéttinni sem gegndu því hlutverki að þjóna efri stéttunum (Gunnar J. Gunnarsson 1995:62-63). Samkvæmt trú hindúa er ekki æskilegt að menn af æðri stétt snerti stéttleysingjana því þeir eru taldir óhreinir. Það er þess vegna sem margir Indverjar kjósa að segja sig frá hindúatrú þó það sé ekki einfalt. Leiðir til þess eru mismunandi. Ein þeirra er að taka upp trú Búdda: „Kenning mín (*Siddharta Gautama*) gerir engan mun á háttsettum og lágtsettum, ríkum eða fátækum. Hún er eins og himinninn sem rúmar allt, eins og vatn sem þvær allt og alla“ (Sigurður Ingi Ásgeirsson 2004:9).

Kjarni búddatrúarinnar er einnig *dharma* eða „lögmál“ búdda til að feta göfuga leið. Þegar búdda hugleiddi komst hann að þeirri niðurstöðu að lífið væri: *Þjáning*, orsök þjáningarinnar er *þráin*. *Hverfing* þráa og langana náist einungis með *áttfalda veginum* sem er leiðin til að hverfa frá löngunum (Molloy Michael 2005:128). Hinn áttfaldi vegur er að feta lífið og raunveruleikann eins og þau leggja sig og losna þarf við fastar venjur ímyndunarafls lífsins með réttu hugarfari: *Réttur skilningur* á lífinu eins og það leggur sig; *Rétt hugsun*, beina huga sínum inn á óeigingjarnar brautir; *Rétt tal*, forðast ýkjur og blaður; *Rétt athöfn*, hegðun sem veldur hvorki skaða né þjáningu; *Rétt breytni*, þannig að valda ekki öðrum skaða; *Rétt viðleitni*, að reyna að skilja eðli hlutanna; *Rétt viðvörðun* og *rétt ihugun* (Molloy 2005:131).

Þessar reglur um áttfalda veginn eru grundvöllur í búddatrú og þær koma meðal annars fram í einum af þremum helgiritum búddatrúarinnar.

#### **2.4.1 Helgirit, helgistaðir og helgisiðir**

Búddatrú á sér ekki eitt meginhelgirit. Samkvæmt Therevada stefnu, sem geymir hina upprunalega kenningu Búdda og sagnir hans, er samt lögð áhersla á kenningu *Tripitaka* helgiritsins (þrjár körfur) (Trúarbrögð heimsins 1999:178-181).

Helgidómur búddatrúarinnar heitir stúpan. Ekki er hægt að fara innan í stúpu heldur aðeins hægt að ganga í kringum hana. Eftir því sem þetta byggingalag stúpunnar þróaðist fóru að sjást líkneski af Búdda á utanverðum byggingunum. Þá gátu iðkendur búddatrúar á sama hátt og Hindúar iðkað trú sína með því að færa gjafir blóm, kerti og reykelsi (Trúarbrögð heimsins 1999:186-187).

Samfélag munkna heitir *Sangha*. Munkarnir eru ekki bundnir klausturlífi ævilangt. Þeir geta snúið aftur meðal almennings. En munkar og nunnur lifa ekki einangruð, heldur eiga þau mismikil samskipti við fólk. Búdda sagði að samband milli munkanna og almennings einkenndist af því að þeir væru háðir hver öðrum, eins og til dæmis að betla sér mat (Trúarbrögð heims 1999:194).

Hátíðir í búddatrú eru margvíslegar. Sú mikilvægasta er, án efa, *Songkran* hátíðin (e. *Waterfestival*). Þar er Nýársdagurinn um miðjan apríl

jafnvel þótt opinberlega taki Nýársdagurinn gildi í Taílandi 1. janúar (Thai culture 2007). Uppruni Songkran er sú þörf fyrir að hreinsa umhverfið frá slæmum athöfnum ársins, húsin og búddastytturarnar eru einnig hreinsaðar. Einnig er óskað eftir velgengni á nýju ári. Helgihátíðin *Songkran* stendur yfirleitt í þrjú daga. Þeir dagar í Taílandi eru frídagar þar sem almennir þjónustustaðir eru lokaðir og fólkið heimsækir ættingja sína (Thai culture 2007).

#### 2.4.2 Siðareglur búddisma og meginstefnur

Búdda gerði sér grein fyrir að ekki gátu allir gerst munkar eða nunnur með því til dæmis að lifa í fátækt og skilja við fjölskyldur sínar. En hann hvatti fólkið til að lifa eins fullkomnu lífi og hægt er: Að drepa ekki, að stela ekki, að stunda ekki ósiðlegt kynlíf, að ljúga ekki, að neyta ekki áfengis eða eiturlyfja (Trúarbrögð heimsins 1999:185).

Innan búddatrúarinnar má greina tvær meginstefnur sem hafa tekið sitt hvora afstöðu gagnvart kenningum Búdda. Munurinn á milli þeirra er margvíslegur og meðal annars er munur á klæðnaði munkanna: Þeir sem aðhyllast *Mahayana* eða „Stóra vagninum“ klæðast appelsínugulum og dökkrauðum kuflum, en þeir sem aðhyllast *Therevada* eða „litli vagninn“ klæðast einungis appelsínugulum kuflum, eða fatnaði (Sompit Siengboon 2006).

Jafnvel þótt *Mahayana* stefnan sé sú útbreiddasta í heiminum, þá tilheyrir Búddistafélagið á Íslandi stefnu *Therevada*.

#### 2.4.3 Búddismi á Íslandi

Á Íslandi eru fjögur trúfélög sem tilheyra búddatrú: Zen-búddistar á Íslandi, *Karuna* hreyfingin, *Soka Gakkai* á Íslandi og *Búddistafélag Íslands*. Búddistafélag Íslands er meðal 30 trúfélaga sem skráð eru hjá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands 2007).

Meðlimir í búddistafélaginu í dag eru um það bil 650 samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofunni (Hagstofa Íslands 2007). En það er reiknað með að það séu fleiri sem iðka búddatrú hér á landi og eru margir þeirra óskráðir (Siengboon Sompit 2006:83-84). Ástæðan er meðal annars sú að tvö trúfélögunna, *Karuna* og *Soka Gakkai* eru enn óskráð.

Búddistafélagið tilheyrir *Theravada* stefnu og var formlega stofnað árið 2003 (Sompit Siengboon 2006.). Búddistafélagið fær mest rými í þessari rannsókn einungis vegna þess að báðir viðmælendur tilheyra þessu félagi.

Meðlimir Búddistafélags Íslands eru að meirihluta innflytjendur frá Tælandi, Víetnam, Sri Lanka og Filippseyjum og fjölskyldur þeirra. Aðsetur Búddistafélag Íslands er að Víghólastíg 21 í Kópavogi og er það eina búddamusterið á Íslandi (Siengboon Sompit 2006:82).

Búddamunkurinn í Búddafélaginu í Kópavogi tekur á móti fólki sem vill forvitnast um starfsemi félagsins. Munkurinn *PhamahaPrasit Boonkam* (Sirintharo) lagði áherslu á sum atriði: Trúariðkun, siðareglur og hátíðir. Bænastundir eru haldnar í stofu einbýlishúss sem búið er að breyta í hof þar sem er að finna búddalíkneski og mynd af tælenska kónginum. Munkar hugleiða fjórum sinnum á dag klukkan 5.30-13.00-17.00 og 20.00, en almennigur hugleiðir einungis klukkan 13.00. Ástundun þeirra sem aðhyllast búddisma er yfirleitt frjáls og engin skylda ríkir í þessu samhengi (Prasit 2007). Hann útskýrði hvernig búddamunkar hugleiða og hann sagði að á meðan þeir anda inn hugsa þeir um orðið BUD og þegar þeir anda út hugsa þeir um orðið TOH. Þetta orð BUDTOH þýðir *Búdda er alvitur* (Prasit 2007).

Þegar Prasit, munkurinn í Búddafélaginu, var spurður um flakk sálarinnar og hvort það sé þekkt meðal búddista foreldra að bursta bak veikra barna sinna til að hreinsa þau frá slæmu *karma*, eins og nánar verður rætt um í ritgerðinni, segir hann að það sé þekkt, en fá dæmi um það (Prasit 2007). Hann talar um það að í flestum tilfellum hafa foreldra, sem gera þetta, mistúlkað það sem Siddarta hefur kennt, því hann, Siddarta, hefur aldrei mælt með því (Prasit 2007).

Á Íslandi eru aðallega fjórar stórar hátíðir *Songkran* sem haldin er um miðjan apríl og tvær aðrar hátíðir: 3. júlí sem tengist *Therevada* stefnunni og minnir á fyrstu ræðu Búdda um fjögur sannindi og áttfaldavegin og í lok maí á búddadeginum (Prasit 2007) þegar búddatrúarmenn ganga í þrjá hringi í kringum búddahof sem kallast stúpa sem er einnig í Kópavogi. Þeir eru með blóm í hönd og ganga einn hring fyrir Búdda, einn hring fyrir dharma og einn hring fyrir sangha. Síðan eru 11. og 12. ágúst haldnir



hátíðlegir fyrir Tailensku konungshjónin (Trúarbrögð heimsins 1999:90-191; Millam 2002:67; Prasit 2007).

Þeir leggja mikla áherslu á trúarhátíðir *Theravada* stefnunnar, en taka þó einnig þátt í ýmsum öðrum hátíðum í íslensku þjóðfélagi eins og jólahaldi og páskum, en oftast skilja búddistar ekki þýðingu þessara daga (Sompit Siengboon 2006:84).

Í næsta kafla er fjallað um aðferðafræðina þar sem meðal annars er bakgrunnur þátttakanda skoðaður.

### 3. Aðferðakafli

Rannsókn þessi snertir foreldra sem iðka búddatrú, börn þeirra og skólastarfsfólk sem kennir þessum börnum. Viðtalið við munkinn gegnir öðru hlutverki í rannsókninni og þess vegna eru niðurstöður viðtalsins ekki í aðferðafræðikaflanum, heldur í kafla sem heitir Búddismi á Íslandi.

Notast er við hálfopin viðtöl sem tekin eru upp á segulband. Öll viðtölin hafa verið afrituð og lykluð. Rannsóknarsniðið er því eigindlegt. Það var tekið viðtal við tvær fjölskyldur frá Taílandi, en það var tilviljun að mæðurnar sem gáfu viðtal eru frá sama landi.

Við val þátttakenda var, að hluta til, notuð snjóboltaðferð, með öðrum orðum, það var Prasit, munkur í Búddafélaginu, sem gaf upplýsingar um Kesöru. Hins vegar var Karuna að vinna á vinnustað þar sem ég átti vikulegt erindi og forvitnilegt var að vita meira um trúariðkun hennar. Um hvað varðar skólastarfsfólk var leitast við að taka viðtal við kennara barna taílenskra foreldra eins og áður kom fram. Að lokum varð, Guðlaug Björgvinsdóttir, formaður félags kennara í kristnum fræðum, siðfræðum og trúarbragðafræðum fyrir valinu því hún kenndi mér fyrir tveim árum og kennsla hennar vakti aðdáun mína.

Nöfn þátttakenda eru dulnefni svo ekki sé hægt að rekja hverjir þeir eru. Það er hvorki notað dulnefni þegar tekið er viðtal við Prasit, munk hjá Búddafélaginu, né við Guðlaugu Björgvinsdóttir sem samþykkti að birta viðtalið í ritgerðinni.

Viðtölin fóru fram annarsvegar í heimahúsum þegar talað var við foreldra nemendanna og hinsvegar í skóla eða í leikskóla þegar talað var við kennara þeirra.

Fengin voru leyfi til að hefja þessa rannsókn frá leikskólastjóra og skólafyrirvöldum og síðast en ekki síst frá foreldrum barnanna.

### 3.1 Bakgrunnur viðmælenda

Viðtöl voru tekin við Kesöru, Karunu og síðan við Telmu, kennara dóttur Kesöru og Bjarma, og Viktoriu leikskólakennara dóttur Karunu.

Síðan eru niðurstöður úr viðtalinu við Guðlaugu Björgvinsdóttur kynntar sem, eins og að ofan greinir, var tekið til að grennslast fyrir um framboð á námsefni í trúarbragðafræði.

**Kesara** (dulnefni) er fertug háskólamenntaður búddisti. Hún var um þrítugt þegar hún flutti frá Taílandi til Íslands. Kesara var 35 ára og hafði lokið háskólagráðu frá Kennaraháskólanum í Taílandi. Hún segist hafa flutt hingað í ævintýraleit og síðan þurfti hún að fá vinnu ásamt því að stunda nám við Háskóla Íslands. Dóttir hennar, Elísa, er 9 ára og stundar nám við grunnskóla á Íslandi. Faðir Elísu er íslenskur.

**Karuna** (dulnefni) er 25 ára gömul, einnig frá Taílandi. Hún flutti til landsins fyrir sjö árum síðan, þegar hún giftist íslenskum manni og saman eiga þau fjögurra ára stelpu, Eleonor. Eleonor er á leikskóla.

**Telma Birgisdóttir** (dulnefni), umsjónarkennari Elísu, hefur starfað sem grunnskólakennari í þrjú og hálf ár. Fyrir fimm árum var hún kristniboði í Afríku á vegum Kristniboðsambandsins, nánar tiltekið í Kenyu, en áður hafði hún starfað sem leiðtogi í sunnudagaskólanum og hjá KFUK. Hún hefur farið á eitt námskeið um fjölmennningarlega kennslu.

**Viktoría Bertelsdóttir** (dulnefni) er deildarstjóri á deildinni sem Eleonor er í, dóttir Karunu. Hún er tiltölulega ung kona og hefur starfað í sama leikskólanum í tæp þrjú ár. Hún hefur ekki sótt námskeið um fjölmennningarlega kennslu, en hefur sjálf fengið upplýsingar frá öðrum leikskólum um hvernig er best að vinna með börn af erlendum uppruna.

**Guðlaug Björgvinsdóttir** er kennari við Hamraskóla og formaður félags kennara í kristnum fræðum, siðfræðum og trúarbragðafræðum. Hún hefur

verið í röð fremstu grunnskólakennara sem vinna að því að auka og víkka framboð Námsgagnastofnunnar á fræðslubókum og ritum um trúarbrögð. Guðlaug hefur einnig verið í nefnd á vegum Námsgagnastofnunnar um stefnumörkun í námsefnisgerð í trúarbragðafræði og lesið yfir margar nemenda- og kennarabækur sem gagnrýnandi.

Aðferðafræðinni sem notuð var í þessari rannsókn er gerð skil í næsta kafla.

## **3.2 Viðtöl við fjölskyldur**

### **3.2.1 Viðtal við Kesöru**

Kesara kom hingað til lands fyrst til að fullnægja þörf sinni fyrir að leita að betra lífi. Hún ákvað að stunda nám við Háskóla Íslands í framhaldsdeild sem tengist fyrrverandi námi hennar í Bangkok, en hún hafði starfað sem grunnskólakennari í Taílandi áður en hún flutti til Íslands. Kesara er gift Bjarma í dag og á með honum eitt barn: Elísu.

Móðirin lítur til trúarbragða sem lífstíls og talar um Búdda sem kennara. Hún nefnir til dæmis þær grundvallarreglur sem Búdda kenndi öllum áður en hann kvaddi (ekki deyða, ekki stela, ekki iðka ósiðlegt kynlíf, ekki ljúga og ekki neyta ávanabindandi efna). En sjálf segist hún ekki iðka trú sína. Hún bendir á það að fyrir hana er nóg að virða þessar fimm reglur sem fyrr greinir, til að teljast búddisti.

Hún nefnir að í vor 2007, mun hún og fjölskylda hennar halda stóra búddahátíð heima hjá sér í Taílandi til að minnast þess að hundrað dagar eru liðnir frá því að pabbi hennar dó. Þetta er talin stór hátíð, þar sem munkum er einnig boðið til veislu.

Þegar Kesara var spurð um viðhorf hennar til trúarbragðakennslu í grunnskólum segir hún að hún vilji að það sé kennt meira um trúarbrögð almennt, en ekki bara kristni. Og að það þarf að gera það á lýðræðislegan hátt þar sem engin ein trú sé öðrum æðri.

Foreldrar Elísu hafa svolitlar áhyggjur af því að viðhorf kennara barns þeirra hafi áhrif á það hvað barn þeirra trúir á í dag. Eins bendir hún á að kennari Elísu er fyrrverandi kristniboði í Afríku og lýsir í kjölfarið

áhyggjum sínum af því að það hafi kannski áhrif á hvernig hún kennir kristinfræði.

Elísa hefur verið skírð í Þjóðkirkjuna og foreldrar hennar vilja leyfa henni að ráða þegar sá tími kemur, hvaða trú hún vill tilheyra. Eins og stendur hefur stelpa, sem er 9 ára í dag, engan áhuga á búddisma.

Þegar Kesara var spurð hvort hún eða fjölskylda hennar hafi orðið fyrir fordómum þá segir hún að auðvitað séu fordómar í garð taílenskrar konu einkum í tengslum við vændi, en hún leggur áherslu á að vera jákvæð og láta það ekki koma niður á virðingastigi hennar.

### 3.2.2 Viðtal við Karunu

Áhugavert var að vita meira um hvernig Karunu og fjölskylda hennar gengur að iðka trú sína á Íslandi og hvernig hún flytur trú sína hingað til lands frá einni kynslóð til annarrar. Karuna á fjögurra ára dóttur: Eleonor.

Eleonor er í leikskóla og viðhorf móður hennar til leikskólustarfsins er yfirhöfuð jákvætt. Aðspurð hvort hún óskaði frekar eftir að dóttir hennar iðki búddisma eða kristni í framtíðinni hló hún og viðurkenndi að ósk hennar væri auðvitað sú að dóttirin verði búddisti því henni finnst það „flott trú“.

Faðirinn er kristinn, en fer aldrei í kirkju og hann sagðist ekki heldur vilja taka þátt í neinum helgisiðum sem Karuna tekur þátt í. Honum finnst það samt sem áður allt í lagi að hún fari í musteri í Kópavogi til þess að gefa munkum mat. Einnig hefur hún farið í kringum stúpuna í Kópavoginum. Karuna segist sjaldan fara með dóttur sína í musteri.

Það var áhugavert að heyra hvernig trúariðkun hennar breyttist frá því hún flutti til landsins. Hún segist núna fara í musteri einungis þegar hún hefur tíma og þegar eru helgihátíðir, eins og *Songkran* sem fer fram í apríl. Songkran er mikilvægur helgisiður í Taílandi og hún vissi svolítið um hvernig það tengist við trúarbrögð hennar einkum þegar talað var um þann tilgang að fyrirgefa allt sem hefur farið fram á liðnu ári. Í Taílandi fór hún með foreldrum sínum einu sinni viku í musterið en þar var fullt af fólki til að tala við og iðka trú. Þegar hún var spurð hvort hún viti um Siddharta sagðist hún ekki vita neitt um hann því það sé bara gamla fólkið sem viti allt um Búdda. Hún sagði að móðir hennar til dæmis viti allt um Búdda.

Þegar hún var spurð hvort hún hafi fengið almenna kennslu um þessa trú í skóla sagði hún það hafa verið mjög lítið og að þar hafi nemendum aðallega verið kennt að biðja bæn. Sömuleiðis var lítil fræðsla um öll hin trúarbrögðin.

Hún hefur aldrei orðið fyrir fordómum og henni finnst fólkið á Íslandi yfirleitt mjög gott.

### **3.3 Viðtöl við starfsfólk skóla**

#### **3.3.1 Viðtal við Telmu Birgisdóttur, grunnskólakennara**

Telma Birgisdóttir er umsjónarkennari Elísu dóttir Kesöru og Bjarma. Telma telur sjálfa sig með brennandi áhuga á kristnifræði og að það smiti út frá sér.

Hún kennir fjórða bekk, þó er oft leitað til hennar í öðrum fjórðu bekkjum þegar er þörf fyrir að kenna kristinfæði. Hún notar Birtuna sem námsgögn, en varðandi hin trúarbrögðin sagðist hún ekki vilja sýna strax myndir eða bækur um önnur trúarbrögð til að koma í veg fyrir að nemendurnir þurfi að horfa á það tvisvar á skólagöngu sinni. Hún sýnir, í staðinn, myndir frá þeirri reynslu sem hún öðlaðist þegar hún var kristniboði í Afríku. Telma telur reynsluna í Kenya mjög góða þar sem hún kynntist annarri menningu og fékk tækifæri til að hjálpa öðru fólki. Hún var aðallega að kenna prestum og öðrum leiðtogum hvernig á að kenna öðrum til dæmis um fermingafræðslu. Þegar spurt var um bakgrunn íbúanna í Kenyu sagði hún hann hafa vera mismunandi. Flestir voru forfeðradýrkendur og hún talaði um þá eins og þeir lifðu í stöðugum ótta við illa anda og ef íbúar gerðu eitthvað af sér myndu andarnir refska þeim. Aðspurð um hvort henni fyndist það slæmt eða allt í lagi að íbúar þar hafi þessa trú, segir hún að það sé ekki allt í lagi og að þeir þyrftu að vera ánægðari með lífið og ættu ekki að þurfa að hræðast.

Vegna reynslu sinnar sem kristniboði telur hún sjálfa sig betur stadda heldur en aðrir kennarar sem oftast en ekki eru hræddir við að kenna um trúarbrögð. Hún bætir við hvað henni finnst mikill skortur á góðum bókum og verkefnum um það efni og auk þess vildi hún fá auka tíma til að kenna um önnur trúarbrögð. En þegar upp er staðið finnst henni að markmið í

kennslu, samræmdu prófin og lélegt framboð í þessu efni stýri kennslu á þann hátt að yfirleitt kjósi kennarar að sleppa trúarbragðafræðinni og taka oft stærðfræðina í staðinn.

Þegar hún var spurð um hverskonar trúarbragðakennslu hún viðhefur í sínum bekk og hvað henni finnst um trúarbragðakennslu yfirhöfuð, sagðist hún reyna að flétta inn vitneskju sína um gyðingdóm því að hann tengist kristni.

Telma telur að yfirleitt vilji kennarar ekki eyða tíma í undirbúning fyrir trúarbragðafræðikennslu og taldi hún að hræðsla kennara stafi sennilega af því að þeir vita ekki mikið um trúarbrögð.

Við þeirri spurningu hvort skólinn hafi mótað sína eigin stefnu varðandi væntanlega menningarlega árekstra sem gætu orðið hér, segir hún að einungis einn nemandi sem á foreldra sem eru *Vottar Jehova* eru á móti því að barn þeirra taki þátt í öllu sem heitir jól eða tröllasögur og annað slíkt. Þá segir hún að skólinn geri ekki mikið fyrir hann og að foreldrarnir viti að ákveðna daga eigi að fjalla um jól og þá sé hringt í skólann og einfaldlega sagt að barnið sé veikt.

Hún segist hafi beðið Kesöru að koma og fræða börnin í bekknum um sín eigin trúarbrögð sem er búddismi og á von um að hún komi að gera það fljótlega.

Henni finnst nemandur hennar vera almennt mjög áhugasamir þegar kennd er kristnifræði og fáir sem segja að Guð sé ekki til. Hún telur að þeir segi það til að vera öðruvísi en hinir og til að draga smá athygli að sér eða að þeir hafi lent í einhverju áfalli.

### **3.3.2 Viðtal við Viktoríu Bertelsdóttur, leikskólakennara**

Í leikskólanum hjá Viktoríu er fjöldi barna af erlendum uppruna. Viktoría talar um mikilvægi samskipta skóla við foreldra og bendir til dæmis á tvö dæmi þar sem menningarlegir árekstrar áttu sér stað: Annarsvegar var barn frá Austur-Evrópu þar sem foreldrarnir burstuðu aldrei barnatennur þess með þeirri forsendur að þær mundu detta hvort sem er. Til að leysa málið var ákveðin sú leið að tala við foreldrana og segja hvernig er gert á Íslandi, að það kosti ekki mikið og að það myndi að minnsta kosti forða barninu frá óþarfa óþægindum. Hinsvegar var annað dæmi þar sem einn foreldri af

Taílenstum uppruna barði barn sitt á bakinu með bursta til þess að losna við vægan sjúkdóm. Þannig að það kom einstöku sinnum fyrir að barnið kom í leikskóla blámarið á bakinu. Þetta var viðkvæmara mál, en það var fenginn túlkur til að útskýra rök beggja aðila og eftir langan tíma tókst að „sannfæra“ viðkomandi um að barninu liði ekki vel svona marið.

Í leikskólanum hjá henni er engin trúarbragðakennsla. Það er markviss ákvörðun að fara til dæmis ekki í kirkjuna og trúarleg lög eru ekki sungin nema að beiðni komi frá börnunum sjálfum. Rök fyrir slíkri ákvörðun segir hún vera þau að mikill ágreiningur gæti orðið vegna flókinnar hugmyndafræði á bak við þetta. Um þetta eru þó skiptar skoðanir.

Viktoría hefur ekki sótt námskeið um fjölmenningu, en bætir við að vegna þess hversu mörg börn væru af erlendum uppruna, þyrfti hún að útvega sér einhver verkefni um þetta. Hún boðaði fund með öðrum leikskólum sem sérhæfa sig í fjölmenningu og þar fengu kennarar margvíslegar hugmyndir og einnig úr skýrslu sem gefin var út af leikskólunum. Það helsta sem leikskólinn notar af þessari hugmyndafræði um fjölmenningu frá öðrum leikskólum er að gera menninguna sýnilega og hvetja foreldra til þess að koma með myndir af börnunum frá sínu heimalandi. Síðan eru myndirnar skoðaðar með börnunum til að sjá hvað er líkt og hvað er ólíkt. Fánar þjóðanna eru skoðaðir og einnig þjóðbúningar. Síðan er unnið með tónlist. Sungið er lagið *Meistari Jakob* á mörgum tungumálum.

Þegar hún var spurð um hver skoðun barna væri almennt um tilveru Guðs segist hún ekki hafa orðið vör við slíka umræðu meðal leikskólabarna. En ef það gerðist, hefði hún að sjálfsögðu sagt þeim að hún trúi að Guð sé til.

### **3.3.3 Viðtal við Guðlaugu Björgvinsdóttur, kennara**

Þegar kannað var hvaða námsbækur í trúarbragðafræði eru í boði, kom fyrst til umræðu hvað til er lítið af námsgögnum sem styðja við kennara í kennslu trúarbragðafræði í grunnskóla. Viðtal var tekið við formann félags kennara í kristnum fræðum, siðfræðum og trúarbragðafræðum og ýmislegt hefur komið í ljós. Bókin *“Maðurinn og trúin”* eftir Gunnar J. Gunnarsson er eina bókin sem kennd er markvisst í 8. eða 9. bekk grunnskóla.

Síðan telur hún allar myndir og lesefni um trúarbrögð, eins og *Búddhatrú-Leið til Nirvana*, *Gyðingdómur*, *Hindúismi* og *Islam* yfirleitt ekki vera markvisst kenndar á miðstigi, enn sem komið er og ekki vera mikils metnar í dag.

Þegar hún var beðin að leggja mat á þessar bækur taldi hún sjálfa sig ekki ánægða með þær þegar á heildina er lítið: „*Maðurinn og trúin* er bók sem þarf að endurskoða“ segir hún ákveðin og bætir síðan við: „Hún er að mörgu leyti ágæt, en hún er rosalega mikið fræðileg upptalning.“

Um myndirnar sem notaðar eru til kennslu trúarbragða segir hún að þær séu heldur ekki nógu góðar: „Krökkum finnst þær ekki voðalegar skemmtilegar. Eins og með *Islam*, þar er verið að taka viðtal við ungling sem er islamstrúar og sagt frá lífi hans. [...] Mér finnst allt þetta vandmeðfarið, þar er allt keyrt rosalega hratt yfir og reynt að koma allt of mörgu að á sem skemmstum tíma á kostnað dýptarinnar og skilnings nemenda á viðfangsefninu.“ Hún bætir við hvort það væri betra að skoða frekar áhrif trúarbragða á menningu og listir og á heimsmyndina í heild og að það vanti meiri tengingu við sagnfræði og samfélagsfræði nútímans.

Til þess að sjá árangur í kennslu trúarbragða þarf meira pláss en bara nokkrar blaðsíður. Nauðsynlegt er að hafa meiri myndræna kennslu því trúarbrögð eru myndræn og börnin læra mest af því sem þau sjá, snerta og upplifa.

Um framboð námsefnis í kristni - og trúarbragðafræðinni þá telur hún það vera of lítið: „Þetta er allt of mikilvæg námsgrein og það þarf að vera til áhugavert og skemmtilegt námsefni. Kristni og trúarbragðafræði kennarar hafa einungis eina bók eða eina spólu til að velja úr um viðkomandi trú. Og sú bók er kannski ekki nógu áhugaverð hvorki fyrir kennara né fyrir nemendur“. Sjálf segist hún nota oft í kristni og trúarbragðafræði námsefni frá UNESCO, til dæmis bókaflokk sem heitir *Children all around the world*. Hún getur þess að lokum að enn hafi ekki allar þessar bækur verið þýddar á íslensku.

Í næsta kafla eru niðurstöður úr viðtölum dregnar saman.



### 3.4 Niðurstöður rannsóknarinnar

Eins og að ofan greinir er margt sem þarf að bæta í kennslu í kristni- og trúarbragðafræði. Til dæmis í skólanum þar sem Telma kennir, treysta aðrir kennara sér ekki til að fjalla um kristintrú og er farið þá leið að fá Telmu til að kenna öðrum fjórðu bekkjum einungis þessa námsgrein (Telma Birgisdóttir 2007).

Það sem kom líka á óvart er að þegar Telma var spurð hvort og hvernig kennsla um hin trúarbrögðin fer fram hjá henni segist hún ekki vilja sýna nemendum strax myndir og bækur sem eru ætlaðar nemendum í 8. bekk til að koma í veg fyrir að þeir eyði tíma í sama efni tvisvar (Telma Birgisdóttir 2007). En engu að síður óskar hún þess að kennsla um hin trúarbrögðin hefist fyrir en í 8. bekk.

Skólastarfsfólk sem ég talaði við sýndi áhuga á að vita meira um trúarbrögð til dæmis með því að biðja foreldra sem iðka búddisma að koma í skóla og fræða um sín eigin trúarbrögð (Telma Birgisdóttir 2007) eða leikskólakennari sem bað foreldri að koma með myndir frá heimalandi sínu (Viktoría Bertelsdóttir 2007).

Ennfremur kom í ljós að gæði námsefnisins þurfi að vera við hæfi og ekki má gleyma að lélegt framboð námsefnis skapar erfiðleika hjá kennurum sem oftast en ekki finnst þeir ekki tilbúnir til kennslu trúarbragða (Guðlaug Björgvinsdóttir 2006; Telma Birgisdóttir 2007). Telma, umsjónarkennari Elísu, nefnir hversu miklu auðveldara sé fyrir kennara að sleppa trúarbragðafræðinni og einbeita sér að öðru námsefni sem er tilbúið til kennslu og er metið í samræmdum prófum (Telma Birgisdóttir 2007). Margrét Ívarsdóttir, kennari við Austurbæjarskóla, tekur undir þetta í grein sinni á heimasíðunni Kirkja.is (Margrét [án árs]).

Það sem kom einnig fram í viðtölunum er að foreldrar Elísu hafa svolitlar áhyggjur af því að viðhorf kennara barns þeirra hafi áhrif á það hvað barn þeirra trúir á í dag (Kesara 2007). Kesara bendir á það að Telma, kennari Elísu, er fyrrverandi kristniboði í Afríku og að það hafi, ef til vill, áhrif á hvernig hún kenni kristinfræði (Kesara 2007).

Stundum verða menningarlegir árekstrar sem brýnt er að leysa, en í okkar tilvikum er unnið vel með börn af erlendum uppruna, foreldrum er sýndur

áhugi, túlkur er stundum kallaður til ef þörf er á og almennt er mikil jákvæðni í þeirra garð.

## 4. Umræða

Margir þættir komu í ljós í viðtölunum sem áhugavert er að skoða.

Það sem einkennir börn og fjölskyldur frá Taílandi, en þaðan eru þátttakendur mínir í þessari rannsókn, er að menning þeirra er mjög frábrugðin íslenski menningu (Sompit Siengboon 2005:82-87). Í slíku samhengi eru meiri líkur á að ágreiningur verði vegna ólíkra trúar-og lífsviðhorfa.

Þegar á heildina er lítið hafa flestir meðlimir félagsins aðlagast íslensku þjóðfélagi en umfram allt iðka þeir trú sína og siði á mismunandi hátt: Annarsvegar taílenska móðirin sem vissi ýmislegt um fræðileg atriði í búddismanum, iðkaði ekki trúna, en hinsvegar, taílenska móðirin sem lítið vissi um búdda og líf hans, fór oft í músteri. En ekki er hægt að alhæfa um þetta út frá þessum tveimur viðtölum. Ýmislegt kom í ljós um hvað varðar trú og menningu búddistaforeldra: Tökum sem dæmi, ummönnun sem taílenstur foreldri veitir barninu sínu þegar það er veikt er allt önnur heldur en það sem tíðkast í vestrænum samfélögum: Barnið kom stundum í leikskólann blátt og marið á bakinu eins og fram kemur í viðtalinu og það var sjálfsagt alvarlegt mál og viðkvæmt, en starfsfólk leikskólans fékk túlk til að útskýra rök beggja aðila og tókst að „sannfæra“ viðkomandi um að barninu liði ekki vel svona (Viktoría 2007). En þegar grannt er skoðað er hægt að rekja rök taílenstu móðurinnar fyrir slíkri meðferð til *karma* og *flakks sálarinnar* sem er kjarni búddatrúarinnar (sjá kafla um búddisma). Flestir búddistar trúa að ef maður hagar sig vel þá getur hann lífað góðu lífi, en slæm hegðun getur leitt til slæmra afleiðinga. Um þetta hefur höfundurinn, Christina Deck, fjalla ítarlega um í rannsókn sinni eins og fram kom í kafla um siðferðisleg álitamál (Deck [Án árs]:46). Áhugavert er að skoða hvernig Viktoría gat unnið markvisst með þetta viðkvæma mál (Viktoría 2007; Millam 2002:107). Þegar Prasi, munkurinn í Búddafélaginu, var spurður hvort þessi aðferð sem taílenstur konan notaði

við barn sitt, sé þekkt meðal búddista, segir hann að það sé til, en fá dæmi um það (Prasit 2007).

Viktoría bendir líka á það hversu gott er fyrir skóla og heimili að foreldri hjálpi til og komi með tillögur um hvernig best er að kenna börnum þeirra (Viktoría 2007). Þetta er einnig gert til að börnin finni sig sem hluta af heildinni (Millam 2002:53).

Foreldrar Elísu lýstu áhyggjum sínum af því hvort umsjónarkennari hennar, sem var kristniboði, hafi haft einhver áhrif á það hvað barn þeirra trúir á í dag (Kesara 2007). Telma Birgisdóttir, umsjónarkennari barns þeirra, er fyrrverandi kristniboði í Kenyu og er yfirhöfuð með sterkar og ákveðnar skoðanir um þetta. Eins og fyrr kom fram móta samskipti við bæði föður og móður, guðsmynd barna sem síðan getur þróast á mismunandi vegu þegar börn fara að læra formlega um helgisiði trúarbragða (Eriksson 1967:67-99; Goldman 1977:52). Elísa, sem er nemandi Telmu, ólst upp að hluta til við búddistamenningu. Hún er í 4. bekk grunnskóla og þar lærir hún fyrst og fremst um kristna trú hjá Telmu. Einnig eru vinir Elísu aðallega íslensk börn sem eru í sama bekk og þeir, ásamt kennurum og foreldrum hennar, móta að sjálfsögðu viðhorf hennar til lífs og trúar (Kesöru 2007). Elísa skoðar þar kristni og setur hana í samhengi við þá trú sem hún ólst upp við (búddisma). En ekki má samt gleyma uppruna og sögu fjölskyldu hennar. Eins í fræðilega kaflanum hefur komið fram segir Marie Parker- Jenkins í bók sinni *Children of Islam* hversu mikilvægt það er að styrkja sjálfsvitund nemenda (Parker-Jenkins 1996) og einnig í ljósi rannsóknar sem Gunnar J. Gunnarsson gerði á sínum tíma um mikilvægi aldurs og reynslu nemanda í trúarviðhorfum þeirra (Gunnar J. Gunnarsson 2001:181-205). Að vissu leyti var Telma, grunnskólakennari, áhugasöm um trú taílensku móðurinnar og bað hana til dæmis að koma og tala um trú sína í bekknum (Telma 2007).

Viktoría leikskólakennari viðurkennir að í leikskóla hennar er reynt eins og mögulegt er, að forðast alla beina iðkun í kristin trúnni (Viktoría 2006). En ákveðinn munur er milli þess að ræða um guðsmyndina í leikskóla og grunnskóla (Goldman 1977:52-62). Viktoría leggur meiri áherslu á að gera það ekki í leikskóla, þar sem það sé hlutverk uppalenda fyrst og fremst (Viktoría 2007). Eins og fram hefur komið, geta börn, á unga aldri, nánast

ekkert skilið í kennslu í kristnum fræðum, meðal annars vegna þess að þau hafa hvorki vitsmunalegan þroska né reynslu til að höndla námsefni í þessum fræðum. (Goldman 1977:52-62). Kennarinn verður að vera meðvitaður um þessa hluti einkum þegar börn tilheyra öðrum trúarbrögðum og menningu.

Einnig er vilji til að kynna önnur trúarbrögð í kennslu til staðar, en lélegt framboð á námsefni, markmið í kennslu og samræmdu prófin, skipa því miður of stóran sess í skólastarfinu og þegar þörf er fyrir að klippa út og fórna einhverri námsgrein er trúarbragðafræði það fyrsta sem er skorið niður (Guðlaug Björgvinsdóttir 2006). Þetta sem Guðlaug bendir hér á er frekar skref aftur á bak í fjölmennningarlegri kennslu, einkum í ljósi þess sem í hliðstæðum rannsóknum kom fram: Í bókinni *Hindu children in Britain*, er sagt frá mikilvægi þess að kenna börnum hindúa um sín eigin trúarbrögð því þannig geta þau deilt sama trú og tungu og styrkja þannig sjálfsvitund þeirra (Jackson og Nesbitt 2003:147-151). Sömuleiðis tekur, Hanna Ragnarsdóttir, undir þetta, í rannsókn sinni um trúarþarfir barna um mikilvægi þess að auka og dýpka gagnkvæman skilning allra á hinum ýmsu trúarbrögðum (Hanna Ragnarsdóttir 2004a:149-151).

Í ljósi þess hversu viðkvæm, en um leið mikilvæg, trúarbrögð eru þegar fjölmening er annarsvegar, þá er nauðsynlegt að samskipti milli kennara og foreldra séu góð. Eins og áður kom fram, til þess að skapa fjölmennningarlegt umhverfi þurfa kennarar og annars starfsfólks að vinna saman og stefnumótun í skóla verður að leggja áherslu á jafnrétti og réttlæti (Hanna Ragnarsdóttir 2004a:149-151). Millam Rosalind (2002:31) fjallar um börn og foreldra sem óaðskiljanleg fyrirbæri. Foreldrar vita best um börnin sín og hafa mikil áhrif á þau og þess vegna eiga samskipti milli heimila og skóla að vera jákvæð einkum þegar misskilningur verður milli aðila. Skólastarfsfólk í rannsókn þessari hefur sýnt skylning á þessu að mörgu leyti: Telma, grunnskólakennari, var áhugasöm um trú tailensku móðurinnar og bað hana og koma eins og fyrir ofan greinir (Telma 2007). Einnig sýnir Viktoría áhuga á öllu sem snýst um börn innflytjenda, hún aflar upplýsinga um þau til dæmis með því að biðja foreldra að koma með myndir frá heimalandi sínu í leikskólann (Viktoría 2007). Þannig kynnir hún um leið fyrir hinum börnunum nýjan heim sem verður ekki lengur eins

framandi (Guðrún Pétursdóttir 1999: 34-45). Allt þetta er mjög jákvætt og samræmist *Aðalnámskrá leikskóla* í kafla um námssvið þar sem telst mikilvægt að börn læri um sérkenni annarra þjóða (*Aðalnámskrá leikskóla* 1999). Þetta er grundvöllur fyrir eðlilegri og góðri starfsemi skóla í fjölmenningslegu samfélagi.

## 5. Lokaorð

Þar sem fjöldi viðtala í rannsókn minni eru einungis fjögur, tvö við foreldra og tvö við skólustarfsfólk, takmarkar það alhæfingargildi rannsóknarinnar. Þó getur hún gefið vísbendingar um ákveðinn veruleika sem á sér stað í leik- og grunnskólum landsins og leiða að því líkum hvort þessi veruleiki hafi birst við hliðstæðar rannsóknir.

Í rannsókninni kom margt í ljós sem er mjög vel unnið í sambandi við nemendur af erlendum uppruna sem tilheyra öðrum trúarbrögðum, en einnig koma í ljós ýmsir viðkvæmir þættir sem snúast aðallega um siðferði og gildismat. Þá ber helst að geta að foreldrar hafa mismunandi afstöðu til trúarbragða, frá því að vera afskiptalausir til hins íhaldssamasta, og einnig virðast kennarar oftast en ekki vantreysta sér til að fjalla um trúarbrögð fyrr en *Aðalnámskrá* segir til um. Þegar þeir eru spurðir um rök fyrir slíkri afstöðu eru útskýringar aldrei nægilega tæmandi að mínu mati.

Mikilvægi sjálfsmyndar og sjálfsvitundar barna er, eins og kemur fram í fyrri erlendum rannsóknum, mjög mikið. Sem betur fer er, bæði í leik- og grunnskólum landsins, lögð áhersla á að bera virðingu fyrir nemendum og gætt er vel að því að þeim líði vel í skóla. En fáar eru enn þær rannsóknir sem leiða í ljós stöðu fjölskyldna af erlendum uppruna hér á landi og nauðsynlegt að koma því á framfæri.

Sú ímynd sem virðist vera að festa sig í sessi af hálfu kennara og foreldra að trúarbrögð séu námsgrein sem megi fyrst sleppa þegar á að kippa einhverju út úr skólanámskránni er varhugaverð og orkar tvímælis.

Óskir mínar eru að kennsla trúarbragðafræða verði að skyldunámgrein í Kennaraháskóla Íslands og fundnar verði leiðir til að hvetja kennara til að vera betur í stakk búnir til að fjalla um mikilvæg viðfangsefni eins og

trúarbrögð eru. Til dæmis með því að bjóða upp á áhugaverð námskeið í endurmenntun eða símenntun fyrir kennara.

Auk þess má bæta við meira aðlaðandi námsefni fyrir kennara sem styður betur við trúarbragðakennslu og gera hana þannig auðveldari. Á þann hátt ættu kennarar að geta tekist betur á við að kenna þessi mikilvægu og áhugaverðu viðfangsefni sem trúarbrögðin eru, einkum þegar ólík trúar- og lífsviðhorf er til staðar í fjölmenningslegu samfélagi.

## 6. Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. Menntamálaráðuneytið.

<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/almennt/almennur.html>

[Sótt 16. febrúar 2007.]

Aðalnámskrá grunnskóla, kristinfræði, siðfæði og trúarbragðafræði. 1999.

Menntamálaráðuneytið.

<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/tru/inngangur.html>

[Sótt 24. febrúar 2007.]

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. *Alþingi*.

<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1994078.html>

[Sótt 16. febrúar 2007.]

Bruner, Jerome. 1996. *La cultura dell'educazione*. Feltrinelli, Milano

Buddhanet. 2007. „Number of buddhist world-wide“. Buddhist studies.

*Buddhanet.net*. [http://www.buddhanet.net/e-learning/history/bud\\_statwrlld.htm](http://www.buddhanet.net/e-learning/history/bud_statwrlld.htm)

[Sótt 12. febrúar 2007.]

Clifford, William K. 1993. „Rétturinn til sannfæringar“. *Safn greinar á*

*fimm ára afmæli siðfræðistofnunnar*. Erindi Siðfræðinnar. Ritstjóri Róbert

H. Haraldsson. Rannsóknarstofnun í siðfræði 1993.

Cline, Austine. 2007. „What is religion?“ *About.com*.

<http://www.york.edu/fewheel/Religions/RELDEFIN.pdf>

[Sótt 12. mars 2007.]

Deck, Christina. [Án árs] „Health, Karma, and Practice“. *Hds.harvard.edu*.

<http://www.hds.harvard.edu/cswr/resources/print/rhb/reports/09.Deck.pdf>

[Sótt 10. mars 2007.]

- Derman-Sparks, Louise and the A:B:C: Task Force. 1989. *Anti-Bias Curriculum Tools for Empowering Young Children*. NAEYC, Washington D.C.
- Eriksson, H. Erik. 1967. *Il giovane Lutero*. Þýðing Antonello Armando, *The young man Luther. A study in psychoanalysis and history*. Armando editore, Roma.
- Frugoni, Chiara. 2001. *Vita di un uomo: Francesco d'Assisi*. Einaudi editore.
- Goldman, Ronald. 1977. *Religious thinking from childhood to adolescence*. Routledge and Kegan Paul, London.
- Guðlaug Björgvinsdóttir. 2003. „Trúarlegar þarfir í skólum: Vægi trúarbragðakennslu“. *Erindið flutt á málþinginu Á sama báti II*. [http://kirkjan.is/?trumal/menning/a\\_sama\\_bati/vaegi\\_truarbragdakennslu](http://kirkjan.is/?trumal/menning/a_sama_bati/vaegi_truarbragdakennslu) [Sótt 22. mars 2007.]
- Guðlaug Björgvinsdóttir. 2006. Viðtal höfundar við kennara í kristni og trúarbragðafræði, 12. nóvember 2006.
- Guðrún Pétursdóttir. 1999. „Fjölmenningaleg kennsla“. Í *Fjölmenningarlegri kennslu: Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Endurskoðuð útgáfa. Reykjavík.
- Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt Fjölmenningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldskóla*. Hólar.
- Gunnar Dal. 1997. *Lífið eftir lífið*. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.
- Gunnar Finnbogason. 1999. „Að virða börn“. *Um réttindi barna*. Steinar í vörðu. *Til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.



- Gunnar J. Gunnarsson. 1995. *Maðurinn og trúin. Trúarbragðafræði handa grunnskólum*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Gunnar J. Gunnarsson. 2001. *Guðsmynd og trúarhugsun barna og unglinga*. Uppeldi og menntun, 10. árgangur bls: 181-205.
- Gunnar J. Gunnarsson. 2005. „Hvers vegna að kenna kristinfræði og trúarbragðafræði í grunnskólum? “ Erindi flutt á málþingi umkennslu í kristnum fræðum Víðistaðakirkju, 17. febrúar 05. *Kjalarpr.is*.  
<http://kjalarpr.is/?profastur/gunnjgunn> [Sótt 2. febrúar 2007.]
- Hagstofa Íslands. 2007. „Trúfélög“. *Hagstofa Íslands*.  
<http://hagstofa.is/?PageID=632> [Sótt 14. janúar 2007.]
- Hanna Ragnarsdóttir. 2002. „Markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi“. *Uppeldi og menntun*, 11, bls. 51-80.
- Hanna Ragnarsdóttir. 2004a. „Íslenskir skólar og erlend börn. Skólaþróun í fjölmennningarlegu samfélagi.“ *Timarit um menntarannsóknir* 1. árg. 2004, bls. 149-151.
- Hanna Ragnarsdóttir. 2004b. „Trúarþarfir og samskipti heimili og skóla á Íslandi.“ *Kirkjan.is*.  
[http://www.kirkjan.is/?trumal/menning/a\\_sama\\_bati/truarlegar\\_tharfir\\_i\\_s\\_kolum](http://www.kirkjan.is/?trumal/menning/a_sama_bati/truarlegar_tharfir_i_s_kolum) [Sótt 16. janúar 2007.]
- Jackson, Robert og Eleonor Nesbitt. 1993. *Hindu children in Britain*. Trentham Books, London.
- James, William. 1993. „Trúarvilji“. *Safn greina á fimm ára afmæli siðfræðistofnunnar*. Erindi Siðfræðinnar. Ritstjóri Róbert H. Haraldsson. Rannsóknarstofnun í siðfræði 1993.

- Karuna (dulnefni). 2007. Viðtal höfundar við Karunu, búddista foreldra, 12. febrúar.
- Kesara (dulnefni). 2007. Viðtal höfundar við Kesöru, búddista foreldra, 1. febrúar.
- Margrét Ívarsdóttir. [Án árs]. „Hvernig er að kenna kristin fræði í fjölmennningarlegum skóla? “ *Kirkjan.is*  
<http://kjalapr.is/?deiglan/hvernigkenna> [Sótt 22. mars 2007.]
- Meacham, Jon. 2006, 25. september. „The Pope's Holy War“. *Newsweek*,  
*Rafræn gagnagrunninn ProQuest 5000*.  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1129956271&sid=2&Fmt=3&clientId=58032&RQT=309&VName=PQD&cfc=1> [Sótt 21. september 2006.]
- Millam, Rosalind. 2002. *Anti –discriminatory practice*. 2. útgáfan.  
Continuum, London-New York.
- Molloy, Michael. 2005. *Experiencing the world's religions. Tradition, Challenge and Change*. Higher Education. Mc Graw-Hill, Boston.
- Parker-Jenkins, Marie. 1996. „Children of Islam“. *Rafræn gagnagrunn Aare, Association for Research in Education. Aare.edu.au*  
<http://www.aare.edu.au/96pap/parkm96535.txt> [Sótt 13. mars 2007.]
- Páll Sigurðsson. 2004. „Trúarbrögð og mannréttindi – Trúfrelsi og jafnræði trúfélaga á Íslandi“. *Lagaskuggsjá. Greinar um lög og sögu*. Háskólaútgáfa, Reykjavík.
- Prasit Phamaha Boonkam (Sirintharo). 2007. Viðtal höfundar við Prasit munk við Búddafélagið, 14. janúar.

- Rachels, James. 1997. Stefnur og straumar í siðfræði. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Robinson, B. A. 2006. „Sikhism: Conflict over carrying a ceremonial knife“, *Religious tolerance.org*. <http://www.religioustolerance.org/sikhism4.htm> [Sótt 3. mars 2007.]
- Said, Edward W. 2002. *Orientalismo. L'immagine europea dell'oriente*. Feltrinelli, Milano.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins 1992 nr. 18 2. nóvember. <http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>. [Sótt 26. febrúar 2007.]
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. 2004. „Búddhatrú. Leiðin til Nirvana“. *Trúarbrögð mannskyns*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Sompit Siengboon, Andrea. 2006. „Hvernig er það að vera búddisti á Íslandi?“ *Kirkjuritið* 72. árg. –, bls. 82-84.
- Telma Birgisdóttir (dulnefni). 2007. Viðtal höfundar við Telmu, grunnskólakennari, 22. febrúar.
- Thai culture. 2007. „Thai calendar“. *Thaiworldview.com* <http://www.thaiworldview.com/thailand/index.htm> [Sótt 12. janúar 2007.]
- Trúarbrögð heimsins*. 1999. Ritstjóri Michael D. Coogan. Mál og menning, Reykjavík.
- Viktoría Bertelsdóttir (dulnefni). 2007. Viðtal höfundar við Viktoriu, leikskólakennara, 6. mars.

Þórhallur Heimisson. 2005. *Hin mörgu andlit trúarbragðanna. Trúarhreyfingar, leynireglur og nýjar trúarhugmyndir. Salka, Reykjavík.*

# Viðauki I

## Spurningar til foreldranna

- Heiti
- Hvaðan ert þú?
- Hvenær fluttir þú til landsins?
- Hverjar eru meginástæður fyrir því að þú fluttir?
- Við hvað vinnur þú núna?
- Hver er þín trúarbrögð?
- Viltu aðeins segja mér frá tilbeiðslu þinni?
- Hverskonar búddismi var iðkaður í þínu landi?
- Finnst þér almennt munur á því hvernig búddistar tilbiðja hverju sinni?
- Hvernig var trúarbragðafræðikennslu háttað í þínu landi?
- Hvað vita börn ykkar mikið um búdda?
- Ertu ánægð/ur með trúarbragðafræðikennslu í grunnskólum landsins?
- Vildurðu öðruvísi kennslu, meiri, minni?
- Fylgist þú almennt með heimanámi barna þinna?
- Hefur þú eða börn þín orðið fyrir fordómum?
- Ef svo er, viltu segja mér frá þeirri reynslu?

## Viðauki II

### Spurningar til skólustarfsmanna

- Hverskonar trúarbragðakennsla er kennd hér?
- Hefur þú sótt námskeið í fjölmeningarlegri kennslu?
- Þekkirðu nokkrar aðferðir í fjölmeningalegri kennslu?
- Hvaða námsefni um búdda eða önnur trúarbrögð notið þið? Bækur, myndir vettvangsferðir...
- Veistu hvað stúpan er?
- Þekkirðu helstu trúarbrögð heims?
- Telurðu að afstaðan þín til trúarbragða hafi áhrif á kennslu trúarbragða í þínum bekk? Að hvaða leyti?
- Sérðu tengingu milli þess að kennarinn sé vel undirbúinn í fjölmeningalegri kennslu og ánægju í bekknum?
- Hvað heldur þú að sé almennt viðhorf nemenda til trúarbragða?

## Viðauki III

### Spurningar til Prasit, munk í Búddafélaginu

- When was this place officially open?/Hvenær var félagið stofnað?
- When do you practice meditation and how often? /Hvernig hugleiðið þið og á hvaða tímabili dagsins? Hvað oft?
- Do you find difficult to practice buddism here in Iceland rather than in your country?/ Finnst ykkur erfiðara að tilbiðja hér frekar en á ykkar landi?
- Can you explain this better?/Að hvaða leyti?
- Can you tell me which rules you control your life as munk?/ Hverjar eru meginreglur sem þú ferð eftir sem munkur?
- Do you have a special diet in your menu? Borðar þú hvað sem er?
- Can you tell me more about your festival?/ Getur þú sagt mér um hátíðir ykkar?

## **Viðauki IV**

### **Spurningar til áhugasamra kennara í kristnum og trúarbragðafræðum**

- Hvernig námsefni er notast við til að ná markmiðum?
- Ertu almennt ánægð með námsefni í kristni og trúarbragðafæði?
- Af hverju?
- Finnst þér of mikið? Of lítið?
- Hver er þín skoðun á rithöfundum í íslenskum námsbókum í kristni og trúarbragðafræði